

Samherji fiskeldi ehf.
Glerárgötu 30
600 Akureyri

Reykjavík, 25.8.2023
UST202301-259/G.S.O.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 10. ágúst 2023 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskeldisstöð Samherja, Núpsmýri, þann 25. maí 2023. Þann 24. ágúst 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.10 í starfsleyfi. Olíusmit er sýnilegt í jarðvegi við olíugeyma. Árekstravarnir vantar við geyma. Frágangi við efnaskáp er ábótavant, en engin virk lekavörn er á honum. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er fyrirhugað að færa tvo tanka tímabundið og steypa fyrir þá nýtt plan með niðurfalli, köntum og olíuskilju ásamt ákeyrsluvörn. Áætluð verklok þessa verkþáttar eru 31. október 2023. Þá verður keyptur nýr efnaskápur sem þanta þarf erlendis frá. Áætlað er að uppsetning skápanna verði lokið 30. september 2023.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur